

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 28/98
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB frá 18. apríl 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/306/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 72/306/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0020:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB frá 18. apríl 1997 (Stjtið. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 21).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 134, 7.5.1998, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 21.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner